

Nr. 072 / 11 Kristbjörg SH 189***Eldur um borð***

Skipaskr.nr. 1733
Smíðaður: Fáskrúðsfirði 1986 Fura og eik
Stærð: 13,89 bt.
Mesta lengd: 11,57 m Skráð lengd: 10,99 m
Breidd: 3,71 m Dýpt: 1,18 m
Vél: Mitsubishi 130 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 1



Kristbjörg©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júní 2011 var Kristbjörg SH 189 á siglingu á Ólafsvíkurbrún. Veður: NV 10 m/sek.

Verið var að kippa á veiðislóðinni þegar skipstjóri varð var við reyk innan úr klæðningu utan um púströr frá aðalvél. Hann tilkynnti strax strandstöð að eldur væri laus í skipinu, réðst til atlögu við eldinn og sprautaði úr duftslökkvitæki inn í klæðninguna. Eftir þessar aðgerð slokknaði eldurinn fljótlega svo skipstjórinn gat siglt til hafnar.

Strandstöð kallað út aðstoðarbeiðni og komu nærstaddir bátar fljótlega á vettvang.

Við rannsókn kom fram:

- að púströr var úr stáli og kom úr vélarúmi upp í gegnum þilfarshús sem er samfast aftan við stýrishúsið. Timburstokkur var utan um hljóðkútinn og afgasrörið var einangrað með asbestþræði og asbestkápu þar yfir. Eftir að gat kom á rörið hefur afgasið fljótlega étið upp einangrunina og kveikt í timburklæðningunni;
- að sögn skipstjóra hefur hann átt bátinn í um eitt ár og hvorki orðið var við að það pústaði út í stökkinn né að hljóðbreytingar hafi orðið á þessu tímabili enda væri vélin fremur hljóðlát;
- að ekki er vitað hversu gamalt púströrið var en það gæti verið eldra en vélin í bátnum sem er síðan 1998 en báturinn smíðaður tíu árum áður.

Nefndarálit:

Orsök eldsins var ástand púströrsins.